

Umhverfisstofnun
Áb. SF

06 NOV. 2004
54.23

Tilv. UST20030500088

Mosfellsbær
Tryggvi Jónsson
Þverholti 2
270 Mosfellsbær



UST

Umhverfisstofnun

Umhverfisstofnun, Hagkerfið 1, 107 Reykjavík, Ísland

Telefon: 570 8800

Fax: 570 8801

E-mail: ust@ust.is

Web: www.ust.is

Umhverfisstofnun, Hagkerfið 1, 107 Reykjavík, Ísland

www.ust.is

5. nóvember 2004

Tilvísun: UST20030500088/sf

Breyting á deiliskipulagi Blikastaðaness

Mosfellsbær hefur auglýst breytingu á deiliskipulagi Blikastaðaness. Samkvæmt auglýstri tillögu er nú gert ráð fyrir efnisvinnslusvæði innan fyrirhugaðs golfvallar. Samkvæmt greinargerð með deiliskipulagstillögunni skal allri vinnslu og landmótun vera lokið á árinu 2008 og má að hámarki vinna innan við 150.000 m³. Á deiliskipulagsupphætti kemur fram að heimil dýpt efnisnáms er allt að 10 m þar sem hæst er.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Umhverfisstofnun telur ekki nægjanlegt að fram komi í deiliskipulaginu að efnistaka skuli vera innan við ákveðið magn efnis heldur verði að tilgreina mun nákvæmar það efnismagn sem unnið verður á efnistökusvæðinu. Stofnunin bendir á að það hámark sem tilgreint er miðar við mikla efnistöku eða allt 150.000 m³, en það eru mörk efnistöku sem telst matsskyld framkvæmd samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og er þrefalt það magn sem er tilkynningarskyld samkvæmt sömu lögum. Þá bendir Umhverfisstofnun á að miðað við leyfilegt vinnsludýpi námunnar og flatarmál virðist sem vinna megi meira efnis á afmörkuðu efnistökusvæði en sem nemur tilgreindu hámarki. Þar sem vinnanlegt magn er allt að 150.000 m³ telur Umhverfisstofnun að leggja verði fram ítarlega áætlun um efnistöguna.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfileg vinnsludýpt allt að 10 m getur haft í för með sér slyshættu vegna nálægðar við útivistarsvæði, ekki síst í ljósi þess að vinnslutími er allt að fjögur ár.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhuguð efnisvinnsla getur haft áhrif á útivist á Blikastaðanesi enda hefur nesið verið nýtt til útivistar. Gera má ráð fyrir að hávaði frá efnistökunni og umferð um svæðið hafi áhrif á upplifun þeirra sem njóta vilja útivistar í nágrenni efnistökusvæðisins, jafnt gangandi fólks sem hestamanna. Þá má benda á að í landi Reykjavíkur, í grennd við efnistökusvæðið, er vinsæl gönguleið meðfram ströndinni og þar er einnig golfvöllur. Fyrirhuguð efnistaka á Blikastaðanesi gæti því haft áhrif upplifun þeirra sem nýta útivistarsvæði í landi Reykjavíkur. Þrátt fyrir þetta virðist ekki vera gert ráð fyrir neinum hljóðvörnum í tengslum við efnistöguna þar sem engin umfjöllun er um slíkt í

deiliskipulaginu.


Umhverfisstofnun bendir á að ósamræmi er í greinargerð skipulagsins þar sem gert er ráð fyrir efnistöku á svæði sem er að hluta til utan fyrirhugaðra golfbrauta en þrátt fyrir það segir í greinargerðinni:


„Allt svæði utan golfbrauta og æfingasvæðis telst sameiginleg útvistar­svæði og skal það vera óhreyft nema að heimilt er að koma fyrir fyrir göngu- og reiðstígum.“ (Sjá kafla 2.8.)

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð er ekki vísað til 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en samkvæmt henni skal námuréttarhafi leggja fram áætlun um væntanlega efnistöku, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði, áður en framkvæmdarleyfi er veitt. Að mati Umhverfisstofnunar er eðlilegt að í deiliskipulagi, þar sem gert er ráð fyrir efnistöku, sé gerð grein fyrir vinnslutilhögun, s.s. áfangaskiptingu, og frágangi efnistökusvæðis. Í greinargerð með deiliskipulaginu kemur hins vegar eingöngu fram það hámark efnis sem leyfilegt er að vinna og vinnsludýpt.

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku við umfjöllun um hana samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs

Afrit: Skipulagsstofnun.